



Reykjavík, 28. ágúst 2019
BSS19080004

Skipulags- og samgönguráð

Tillaga um breytingu á gjaldsvæði 1

Lagt er til að gjaldsvæði 1 verði breytt þannig að það rúmist innan og afmarkist af:

- Hverfisgötu, Rauðarárstíg frá Hverfisgötu að Laugaveg, Snorrabraut frá Laugaveg að Grettisgötu, Grettisgötu að Frakkastíg, Frakkastíg upp að Njálsgötu, Njálsgötu að Bjarnastíg og öllum Skólavörðustíg. Týsgata að Spítalastíg, Spítalastíg að Ingólfsstræti, Ingólfsstræti að Amtmannsstíg, Amtmannsstíg, Lækjargötu, Vonarstræti, Suðurgötu, Aðalstræti, Vesturgötu frá Garðastræti, Grófin, Tryggvagötu og Geirsgötu og Kalkofnsvegur að Hverfisgötu. Þá verði Túngata, Grjótagata, Brattagata, Miðstræti og Fischersund gjaldsvæði 1 frá Aðalstræti upp að Garðastræti, sjá meðfylgjandi kort.
- Lagt er til að Borgartún verði gert að gjaldsvæði 1 í stað gjaldsvæðis 2 frá Katrínartúni að Bríetartúni

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. júlí 2019 voru tillögur stýrihóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum samþykktar og þeim vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, samgöngustjóra og Bilastæðasjóðs. Í stefnumörkun var lagt til að gjaldsvæðið 1 yrði stækkað og hluti af Borgartúni gert að gjaldsvæði 1. Þessi breyting mun ekki hafa áhrif á íbúakorthafa.

Með kveðju

Kolbrún Jónatansdóttir
framkvæmdastjóri Bilastæðasjóðs

Hjálagt:

Kort af breyttu gjaldsvæði skv. tillögu



Hjálagt gagn með bréfi um tillögu að breytingu á gjaldsvæði

Athugasemd

Málsnúmer: BSS19080002

Eigandi skjals: Kolbrún Jónatansdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 06/09/2019

Dags: 06/09/2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Skipulags- og samgönguráð (501170-0119)

Sími: 411-1111

Fax: 411-3409

